



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

### **Tillögur og greinargerð stýrihóps um innleiðingu íbúaráða**

Á fundi borgarráðs þann 10. febrúar 2022 var lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 25. janúar 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki tillögur stýrihóps um innleiðingu íbúaráða, ásamt fylgiskjöllum. Einnig lögð fram umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 7. febrúar 2022.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tilraunaverkefni um nýtt fyrirkomulag íbúaráða hefur verið starfrækt síðan 2. maí 2019 þegar nýtt og endurskoðað fyrirkomulag um íbúaráð var samþykkt í borgarstjórn þegar íbúaráðin tóku við af hverfisráðunum með ýmiskonar jákvæðum breytingum sem voru til þess fallnar að auka aðgengi íbúa í hverfunum að ákvarðanatöku. Hefur því verið fylgt eftir af stýrihópi um innleiðingu íbúaráða sem hefur nú í kjölfar víðtæks samráðsferlis lokið störfum. Samráðsferlið fól í sér, auk opinna funda í öllum hverfum borgarinnar við vinnslu núverandi fyrirkomulags, tvær umferðir af fundum fulltrúa stýrihópsins með öllum íbúaráðum Reykjavíkur auk fleiri funda með einstökum ráðum um sértæk umfjöllunarefni, fundi með starfsfólki Reykjavíkurborgar frá öllum sviðum sem best þekkir til auk opinns umsagnarferlis og umsagnarferlis innan fagráða og nefnda Reykjavíkurborgar. Hér er lagt til heildstætt fyrirkomulag íbúaráða sem byggir á fyrirkomulaginu frá 2019 en felur í sér breytingar sem sníða eiga af þá vankanta sem komu fram í samráðsferlinu. Að auki fylgja fimm tillögur um almenna umgjörð ráðanna og vinnu sem fari fram samhliða innleiðingu.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð þurfa að virka sem jarðtenging fyrir borgarkerfið gagnvart íbúunum. Því miður hefur raunin verið önnur eins og dæmin sanna.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Hlutverk íbúaráðanna er að styrkja tengingu og stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnslu borgarinnar, stuðla að aukinni upplýsingagjöf til íbúa, styrkja möguleika þeirra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og vekja athygli á áskorunum innan hverfisins. Í því ljósi hefðu sósíalistar viljað sjá fleiri slembivalda fulltrúa í ráðunum, til að leitast við að ná fram fjölbreyttum röddum þeirra sem eru síður líklegir til að taka þátt í ráðum og sem stuðningur við aðra slembivalda í ráðunum. Miðað við núverandi fyrirkomulag er slembivalinn fulltrúi einn meðlimur í ráðinu en sex manns sitja í einu íbúaráði. Þá telur fulltrúi sósíalista mikilvægt að íbúaráðin fái að kjósa formann en það er í höndum borgarstjórnar. Eins og staðan er nú þá er helmingur íbúaráðsins kjörinn af borgarstjórn, þar af að lágmarki tveir úr hópi borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa. Þó að það sé mikilvægt að hafa tengsl við



borgarstjórn telur fulltrúi sósíalista mikilvægt að íbúar sem ekki komi úr borgarstjórn hafi meira vægi í ráðinu. Þá þarf einnig að skoða launamál og tryggja að það sé ekki meira greitt fyrir setu í ráðinu ef viðkomandi er kjörinn fulltrúi og að íbúaráðin verði skoðuð út frá hverfaskiptingu borgarinnar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Stýrihópur hefur gert tillögur um breytingar á íbúaráðum. Lagt er fram heildstætt fyrirkomulag íbúaráðanna með ákveðnum breytingum. Fulltrúi Flokks fólksins veltir því fyrir sér hvað íbúum sjálfum finnst um þessar tillögur. Umsagnir bárust frá öllum sviðum en ekki er eins ljóst með viðhorf íbúanna þ.e. borgarbúanna. Íbúaráðin eru fyrir fólkið og til að opna aðgengi fólks að stjórnkerfi borgarinnar. Hvernig finnst þeim að til hafi tekist og hvort þær breytingatillögur sem lagðar eru fram nú slípi af agnúa? Jákvætt er að bætt hafi verið við nýjum fulltrúa íbúasamtaka og foreldrafélaga inn í íbúaráð Miðborgar og Hlíða. Hefði ekki þurft að gera sambærilegar breytingar á fleiri hverfum þar sem tveir hlutar hverfa sameinast?

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Afrit:

Fjármála- og áhættustýringarsvið



Borgarráð

***Tillaga og greinagerð stýrihóps um innleiðingu íbúaráða - tilv.R19100342***

Stýrihópur um innleiðingu nýrra íbúaráða var skipaður með erindisbréfi, samþykkt í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði þann 13. júní 2019. Tilraunaverkefni um nýtt fyrirkomulag íbúaráða hefur verið starfrækt síðan 2. maí 2019, þegar nýtt og endurskoðað fyrirkomulag um íbúaráð var samþykkt í borgarstjórn. Tóku þá íbúaráðin við af hverfisráðunum með ýmiskonar breytingum.

Hlutverk stýrihóps um innleiðingu nýrra íbúaráða, var að fylgja eftir innleiðingu ráðanna og gera tillögur að næstu skrefum til framtíðar. Í kjölfar víðtæks samráðsferils hefur stýrihópurinn nú lokið störfum. Samráðsferillinn fól í sér, auk opinna funda í öllum hverfum borgarinnar við vinnslu núverandi fyrirkomulags, tvær umferðir af fundum fulltrúa stýrihópsins með öllum íbúaráðum Reykjavíkur auk fleiri funda með einstökum ráðum um sértæk umfjöllunarefni, fundi með starfsfólki Reykjavíkurborgar frá öllum sviðum sem best þekkir til auk opins umsagnarferils og umsagnarferils innan fagráða og nefnda Reykjavíkurborgar.

Stýrihópur um innleiðingu íbúaráða leggur í kjölfar tilraunaverkefnisins til heildstætt fyrirkomulag íbúaráða sem felur í sér ákveðnar breytingar sem eru fléttaðar inn í það fyrirkomulag sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur 2. maí 2019, sjá tillögu stýrihóps um framtíðarfyrirkomulag íbúaráða, liði 1-9. Að auki fylgja fimm tillögur til viðbótar um almenna umgjörð ráðanna og vinnu sem fari fram samhliða innleiðingu.

Hjálagðar eru tillögur stýrihóps um innleiðingu íbúaráða, ásamt erindisbréfi. Óskað er eftir að borgarráð samþykki tillögur hópsins.

Virðingarfyllt

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður stýrihópsins  
Þorkell Heiðarsson  
Geir Finnsson  
Örn Þórðarson  
Daníel Örn Arnarsson

Hjálagt:

Tillaga og greinagerð stýrihóps um innleiðingu íbúaráða  
Erindisbréf stýrihóps um innleiðingu íbúaráða

---

---

## TILLAGA OG GREINAGERÐ STÝRIHÓPS UM INNLEIÐINGU ÍBÚARÁÐA DESEMBER 2021

---

---

### Inngangur

Tilraunaverkefni um nýtt fyrirkomulag íbúaráða hefur verið starfrækt síðan 2. maí 2019 þegar nýtt og endurskoðað fyrirkomulag um íbúaráð var samþykkt í borgarstjórn. Tóku þá íbúaráðin við af hverfisráðunum með ýmiskonar breytingum. Hlutverk stýrihóps um innleiðingu nýrra íbúaráða, var að fylgja eftir innleiðingu ráðanna og gera tillögur að næstu skrefum til framtíðar. Í kjölfar víðtæks samráðsferils hefur stýrihópurinn nú lokið störfum. Samráðsferillinn fól í sér, auk opinna funda í öllum hverfum borgarinnar við vinnslu núverandi fyrirkomulags, tvær umferðir af fundum fulltrúa stýrihópsins með öllum íbúaráðum Reykjavíkur auk fleiri funda með einstökum ráðum um sértæk umfjöllunarefni, fundi með starfsfólki Reykjavíkurborgar frá öllum sviðum sem best þekkir til auk opins umsagnarferils og umsagnarferils innan fagráða og nefnda Reykjavíkurborgar.

Meðfylgjandi er yfirferð stýrihópsins um hvernig til hefur tekist með tilraunaverkefnið sem og tillaga um heildstætt fyrirkomulag íbúaráða til framtíðar sem felur í sér ákveðnar breytingar sem eru fléttaðar inn í það fyrirkomulag sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur 2. maí 2019, sjá tillögu stýrihóps um framtíðarfyrirkomulag íbúaráða, liði 1-9. Að auki fylgja fimm tillögur til viðbótar um almenna umgjörð ráðanna og vinnu sem fari fram samhliða innleiðingu.

### Forsaga málsins

Árið 2016 gerði Innri endurskoðun úttekt á hverfisráðunum sem byggði meðal annars á viðhorfskönnun þeirra er best þekktu til starfsemi hverfisráða. Meginskilaboðin voru að innan þáverandi fyrirkomulags hafi hverfisráðin haft of óskýrt hlutverk, ekki verið nægilega sýnileg og of áhrifalítill. Flest þeirra er afstöðu tóku lýstu vilja til þess að efla hverfisráðin og kölluðu í því skyni eftir breytingum.

Til að meta hvernig æskilegt væri að standa að slíkum breytingum var skýrsla um framtíðarsýn hverfisráða unnin og gefin út árið 2018 á vettvangi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs (sem nú hefur verið sameinað í ráðið mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð) með þeim markmiðum að styrkja þau, auka við valddreifingu og valdeflingu íbúa í lýðræði borgarinnar.

Aðgerðir sem skýrslan mælir með að ráðast í er meðal annars að breyta skipun ráðanna og tengja ráðin betur við borgarstjórn og íbúa úti í hverfunum, að styrkja hlutverk ráðanna í upplýsingamiðlun og samráði við íbúa hverfanna, að ráðin fái aukna ábyrgð við mótun nærþjónustu, að ráðin hafi aukið forræði gagnvart útteilingu fjármagns og að ráðin verði betur tengd við miðlægar stofnanir.

Í meirihlutasáttmála Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna frá árinu 2018 kemur fram að hverfisráðin verði endurskoðuð með skilvirkni, eflingu lýðræðis og bætt samstarf við íbúa að leiðarljósi. Við upphaf kjörtímabilsins var stýrihópur skipaður um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráð sem skilaði skýrslu og tillögum að fyrirkomulagi tilraunaverkefnis sem var samþykkt í borgarstjórn vorið 2019 og er grunnurinn að núverandi fyrirkomulag íbúaráða. Sá stýrihópur hélt opna samráðsfundi í öllum hverfum haustið 2018, kallaði eftir hugmyndum íbúa á opinni samráðsgátt og hélt samráðsfundi með stjórnarsýslunni. Í því samráðsferli komu fram athugasemdir sem tónuðu vel við áherslur skýrslu um framtíðarsýn fyrir hverfisráð.

Ákveðið var í tillögum um fyrirkomulag tilraunaverkefnis um íbúaráð (hér eftir vísað til sem *núverandi fyrirkomulag*) sem samþykkt var vorið 2019 að breyta nafni hverfisráða í íbúaráð. Í núverandi fyrirkomulagi íbúaráða hefur verið komið til móts við áherslur er komu fram í niðurstöðu úttektar Innri endurskoðunar og skýrslu um framtíðarsýn fyrir hverfisráð, sem og þess samráðsferils sem fram fór í tengslum við undirbúning fyrirkomulagsins.

Skipun ráða hefur verið breytt á þann veg að nú er það ekki svo að flokkar í borgarstjórn skipi þar alla fulltrúa eins og var í tilfelli hverfisráða heldur hafa ráðin verið betur tengd við hverfin með einum fulltrúa skipuðum úr íbúasamtökum, einum fulltrúa skipuðum úr foreldrafélögum og einum slembivöldum fulltrúa. Komið hefur verið til móts við beiðni um betri tengingu inn í borgarstjórn með því að hafa kröfu um að í ráðunum sitji tveir kjörnir fulltrúar, þar af helst einn borgarfulltrúi. Hefur það gengið eftir að í öllum íbúaráðum hafa borgarfulltrúar setið á kjörtímabilinu.

Í núverandi hlutverki íbúaráða er kveðið á um hlutverk þeirra innan upplýsingamiðlunar og samráðs við hverfin. Að auki var ákveðið að opna fundina sem styrkir þetta fyrirkomulag, þá hafa íbúar tækifæri til að hlusta á umræðu og kynningar og koma sínum sjónarmiðum á framfæri með beinum hætti. Ráðin eru nú skilgreindur og virkur samráðsvettvangur fyrir hinar ýmsu ákvarðanir sem tengjast hverfunum og hafa þau fengið til umsagnar og umfjöllunar stór mál er varða hverfin og hafa þeirra umsagnir skipt verulegu máli við niðurstöður ákvarðana. Þar að auki var opnað á tækifæri fagraða til að bjóða ráðunum eða fulltrúum þeirra á sinn fund undir liðum er varðar hverfin. Nýtilkomnu bakhópar ráðanna þar sem sitja fulltrúar helstu starfsemi innan hverfanna eru einnig til þess fallnir að styðja við upplýsingamiðlun út í hverfin og hlutverk ráðanna sem tengiliður íbúa

í hverfum inn í miðlæga stjórnsýslu. Hefur þó vantað að vissu leyti upp á betra utanumhald um bakhópana sem lagt er til að koma til móts við í neðangreindri tillögu.

Ráðin hafa umboð til að starfa sem ráðgjafaráð fyrir menningar- og félagshús svæðisins, svo sem bókasöfn og félagsmiðstöðvar, til að taka þátt í að þróa þessi hús áfram á hátt sem nýtist íbúum sem best. Er þetta liður í því að auka aðkomu ráðanna enn fremur að mótun nærþjónustu við íbúa sem hægt er að nýta eftir áhuga ráðanna og þörf innan hvers hverfis. Haldið er utan um góð tengsl við þjónustumiðstöðvar og mikið af nærþjónustu hverfanna með því að hafa tengilið þjónustumiðstöðva í góðu sambandi við öll ráð. Lagt er til að styrkja tengslin við þjónustumiðstöðvar og starfsemi hverfanna enn frekar með því að skilgreina betur hlutverk starfsfólks þjónustumiðstöðva, sem gegna hlutverki verkefnastjóra félagsauðs, gagnvart íbúaráðunum í neðangreindri tillögu.

Varðandi aðkomu ráðanna að nýtingu og útdeilingu fjármagns þá útdeila ráðin innan núverandi fyrirkomulags úr hverfispottum. Hafa ráðin gegnt lykilhlutverki við útdeilingu styrkja vegna COVID út í hverfin. Þar að auki hefur verið bætt við að tryggja þeirra aðkomu að fjárfestinga- og viðhaldsáætlun hverfanna. Er þessi nýjung skilvirk leið til að auka aðkomu ráðanna að nýtingu fjármagns og þróun borgarinnar og hefur þetta borið talsverðan árangur hvað varðar að koma til leiðar áherslum íbúaráðanna innan fjárfestingaáætlunar. Lagt er til í neðangreindri tillögu að leita leiða til að auka yfirsýn ráðanna yfir það sem fyrirhugað er að gera svo þau geti skilað markvissari ábendingum.

Sú breyting var gerð með núverandi fyrirkomulagi frá 2019 að miðlægur starfsmaður heldur utan nú utan um ráðin í stað mismunandi starfsmanna úti í þjónustumiðstöðvunum. Þetta hefur styrkt tengsl ráðanna inn í miðlægar stofnanir og miðlæga stjórnsýslu meðal annars með skýrari samskiptaleiðum og sneggri svörum. Einnig hefur þetta stutt við samræmt utanumhald um ráðin og hefur almennt gefist mjög vel. Þó hefur verið bent á að gott væri að styrkja enn betur tengslin út í hverfin og við þá starfsemi sem þar fer fram og því er lagt til að fá einnig inn starfsfólk þjónustumiðstöðva, sem gegna hlutverki verkefnastjóra félagsauðs, með virkari hlutverk gagnvart ráðunum. Þetta getur einnig virkað sem stuðningur við miðlægan starfsmann sem hefur í núverandi fyrirkomulagi haft mjög umfangsmikil verkefni á sínu borði.

## **Niðurstöður**

Núverandi fyrirkomulag íbúaráða sem samþykkt var 2. maí 2019 er um margt gott og hefur að mörgu leyti gengið mjög vel. Það hefur tekist ágætlega að koma til móts við þær áherslur sem komu fram í samráðsferli og á undirbúningsstigum málsins á sínum tíma í kjölfar þeirrar vinnu sem hafin var eftir kosningar 2018. Þó hafa komið fram athugasemdir í samráðsferlinu sem fór fram á árinu 2021 þegar líða tók á tilraunaverkefnið sem verið er

að bregðast við. Verkefnið er á réttri leið en það tekur vissulega tíma að þróa áfram þroskaða lýðræðismenningu bæði innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar og meðal íbúa í hverfum þar sem meðvitund er um þá rödd sem íbúaráðin hafa og þau áhrif sem ráðin geta haft og ættu að hafa. Nýsamþykkt lýðræðisstefna Reykjavíkur er til þess falin að styðja við þessa vegferð sem þróun lýðræðismenningar er.

Lagt er til að halda að mestu leyti núverandi fyrirkomulagi íbúaráða frá 2019 en gera ákveðnar breytingar á því fyrirkomulagi til að sníða af þá annmarka sem komið hafa fram við framkvæmd tilraunaverkefnisins og í gegnum það samráð sem viðhaft hefur verið við íbúa í hverfum, íbúaráðin sjálf sem og starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Helstu breytingar frá núverandi fyrirkomulagi íbúaráða sem samþykkt var í borgarstjórn 2. maí 2019 eru eftirfarandi:

- Brugðist hefur verið við ákalli um jafna aðkomu grasrótarsamtaka að íbúaráði í hverfunum Miðborg og Hlíðum sem eru bæði sjálfstæð hverfi samkvæmt hverfisskiptingu Reykjavíkur. Bætt hefur verið við nýjum fulltrúa íbúasamtaka og foreldrafélaga inn í íbúaráð Miðborgar og Hlíða svo að bæði hverfin hafi þar fulltrúa sinna íbúasamtaka og foreldrafélaga.
- Til að styrkja tengsl íbúaráða við þjónustumiðstöðvar og íbúa í hverfum og létta um leið undir með miðlægum starfsmanni er verið að auka aftur aðkomu verkefnastjóra félagsauðs á þjónustumiðstöðvum að íbúaráðum, sem áður gegndu hlutverki starfsmanna þáverandi hverfisráða. Verkefnastjórar félagsauðs á þjónustumiðstöðvum fá aftur sitt hlutverk að hluta til sem tengiliðir íbúaráða við þjónustumiðstöðvar og út í hverfin og taki þátt í ákveðnu utanumhaldi um ráðin í samstarfi við ráðin og miðlægan starfsmann.
- Til að stuðla að yfirsýn íbúaráða yfir eigin áhrif á skipulagsáætlanir verði það hluti af ferlinu að veitt verði svör við ábendingum.
- Til að stuðla að auknu gagnsæi þeirra skipulagsáætlana sem ráðin fjalli um sem styrki grundvöll ákvarðanatöku um mat íbúaráðanna á þessum áætlunum verði upplýsingar um þessar áætlanir sundurliðaðri eftir hverfum.
- Fundargögn á opnum fundum íbúaráða verði gerð aðgengilegri almenningi til að styðja við þátttöku íbúa í fundunum.
- Viðhafa skal markvissari upplýsingagjöf um störf íbúaráða, meðal annars með því að ráðast í kynningarátak til að auka aðgengi að íbúaráðunum og tækifæri íbúa til að nýta sér þau sem lýðræðisvettvang nú þegar liggur fyrir hvernig ráðin verða starfandi til frambúðar.



- Í framhaldi verði ráðist í yfirferð yfir launakjör samráðsnefnda til að skoða tækifæri til samræmingar og betri yfirsýnar.

Stýrihópur um innleiðingu íbúaráða leggur í kjölfar tilraunaverkefnisins, eins og áður segir, til eftirfarandi heildstætt fyrirkomulag íbúaráða sem felur í sér ákveðnar breytingar sem eru fléttaðar inn í það fyrirkomulag sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur 2. maí 2019, sjá tillögu stýrihóps um framtíðarfyrirkomulag íbúaráða, liði 1-9. Að auki fylgja fimm tillögur til viðbótar um almenna umgjörð ráðanna og vinnu sem fari fram samhliða innleiðingu.

Sjá til hliðsjónar fyrirkomulag íbúaráða samþykkt 2. maí 2019:

[https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_borgarstjornarfundur/2\\_tillogur\\_hverfisrad.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/2_tillogur_hverfisrad.pdf)

## Tillaga stýrihóps um framtíðarfyrirkomulag íbúaráða (liðir 1. – 9.)

### Fyrirkomulag íbúaráða Reykjavíkurborgar

#### 1. Íbúaráð eru níu talsins:

- Íbúaráð Kjalarness
- Íbúaráð Grafarvogs
- Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals
- Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts
- Íbúaráð Breiðholts
- Íbúaráð Laugardals
- Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis
- Íbúaráð Vesturbæjar
- Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

#### 2. Sex fulltrúar sitja í hverju íbúaráði, utan íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þar sem sitja átta fulltrúar.

- Þrjú fulltrúar verði kjörnir af borgarstjórn, þar af að lágmarki tveir úr hópi borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa.
  - Skulu fulltrúarnir hafa sterka tengingu við svæðið, helst með eigin búsetu.
  - Æskilegt væri að hafa sem flesta borgarfulltrúa meðal kjörinna fulltrúa í ráðunum.
  - Formaður veljist af borgarstjórn úr hópi kjörinna fulltrúa.
- Tveir fulltrúar verði skipaðir úr hópi íbúa af virkum grasrótarsamtökum úr hverfunum, þar af einn skipaður af íbúasamtökum og einn skipaður af foreldrafélögum.
  - Þau grasrótarsamtök sem koma til greina eru þau sem notast við lýðræðisleg vinnubrögð, haldi reglulega aðalfundi með kosningum og skili inn árlegu yfirliti um störf sín. Staðfesting á notkun lýðræðislegra vinnubragða skal liggja fyrir við upphaf kjörtímabils.
- Skipun fulltrúa í íbúaráði Miðborgar og Hlíða.
  - Bætt skal inn tveimur fulltrúum í íbúaráð Miðborgar og Hlíða, það er að segja einum fulltrúa foreldrafélaga og einum fulltrúa íbúasamtaka. Þannig séu fulltrúar beggja grasrótarsamtaka, úr annarsvegar Miðborg og hinsvegar Hlíðum, starfandi í ráðinu.
- Skipunartími fulltrúa íbúasamtaka og foreldrafélaga verði tvö ár í senn.
  - Skulu sætin flytjast á milli starfandi íbúasamtaka og foreldrafélaga eftir samkomulagi milli þessara félaga og starfsmanns íbúaráða og skal planið um útteilingu sætanna lagt fram í íbúaráðinu við upphaf kjörtímabils.
  - Skulu viðkomandi fulltrúar uppfylla eftirfarandi kröfur: 1) Að þeir búi í viðkomandi borgarhluta. 2) Að þeir hafi reynslu og þekkingu á starfi grasrótarsamtaka í hverfinu.

- Einn fulltrúi valinn með slembivali úr hópi íbúa á hverju svæði.
  - Þetta verði gert í samræmi við lög um persónuvernd og í samráði við persónuverndarfulltrúa.
  - Slembivaldir fulltrúar myndi saman hóp sem fundar reglulega þar sem hægt er að deila reynslu og sækja stuðning við undirbúning funda og önnur mál er tengjast íbúaráðunum.
- Við alla ákvarðanatöku skal leitast við að ná samstöðu í ráðunum. Komi til atkvæðagreiðslu fer hver meðlimur ráðsins með eitt atkvæði.

### **3. Íbúaráð mynda bakhóp hverfisins og bjóða í hann hagsmunaaðilum, félagasamtökum, eldhugum og öðrum þeim sem ráðið telur nauðsynlegt. Auk þess fundi íbúaráðin árlega með ungmennaráðum hverfisins.**

Íbúaráðin bjóði lykilaðilum hverfisins að vera hluti af bakhópi innan hverfisins. Skulu fulltrúar í bakhópi fá boð og dagskrá funda íbúaráðs. Íbúaráð skulu að lágmarki funda með bakhópi hverfisins að jafnaði tvisvar á ári. Skulu íbúaráðin leggja sig fram við að vera lifandi samstarfsvettvangur innan svæðisins í samstarfi við bakhóp sem skipaður er af fjölbreyttum hagsmunaaðilum hverfisins.

Í bakhópi skal óska eftir fulltrúatilnefningu eftirfarandi hópa og samtaka: Íbúasamtaka, þjónustumiðstöðva, foreldrafélaga, hverfisíþróttafélaga, skólaráða, frístundamiðstöðva, ungmennaráða, notendaráða þjónustumiðstöðva, atvinnurekenda, leik- og grunnskóla og annarra grasrótasamtaka í hverfum borgarinnar eða öðrum sem tengjast hagsmunamálum hverfanna.

Íbúaráðin haldi árlega fundi með ungmennaráðum Reykjavíkurborgar til þess að tryggja að raddir barna og ungmenna heyrist á vettvangi ráðsins.

### **4. Hlutverk, verkefni og samspil**

Íbúaráð er hluti af verkefnum borgarinnar sem snúa að auknu íbúalýðræði innan Reykjavíkur og er einn af samráðsvettvöngum Reykjavíkurborgar. Fagråd Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á stefnumótun á viðkomandi fagsviði, en íbúaráð skulu koma að útfærslu stefnumótunarinnar á viðkomandi svæði ásamt fagráðum og fagsviðum.

#### **a. Samráð fagráða og nefnda við íbúaráð**

Íbúaráð séu upplýst um grundvallarbreytingar er varða hverfið og mál sem varða hagsmuni íbúa hverfisins.

Verklag fagráða og nefnda tryggi að íbúaráð fái upplýsingar um það þegar stærri mál er snúa sérstaklega að einstökum hverfum eru til umræðu og að haft sé samráð við íbúaráð í viðeigandi málum þannig að fulltrúar íbúaráða séu eftir atvikum

kallaðir til samtals á fundum fagráða og nefnda. Þetta verði til að stuðla að betra upplýsingaflæði um málefni innan hverfanna.

**b. Samtal milli íbúa og stjórnsýslunnar**

Hlutverk íbúaráða er að styrkja tengingu og stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnsýslu borgarinnar, stuðla að aukinni upplýsingagjöf til íbúa og styrkja möguleika íbúa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri hvað varðar pólitíska ákvarðanatöku. Þá eiga þau einnig að vekja athygli stjórnsýslunnar á áskorunum sem upp kunna að koma á viðkomandi svæði. Skulu íbúaráð afla sér upplýsinga um mál sem eru í deiglu í tengslum við svæðið sitt, og leggja sig fram við að koma upplýsingunum á framfæri við íbúa og stuðla eftir atvikum að málamiðlun.

**c. Erindi íbúaráða og sjónarmið íbúa**

Stjórnsýslunni ber að taka við og tryggja að fjallað sé um sjónarmið íbúa sem berast í gegnum íbúaráðin. Öllum erindum íbúaráða skal svarað með rökstuðningi, samkvæmt stjórnsýslulögum og verklagsreglum borgarinnar.

**d. Upplýsingafundir**

Íbúaráð fái kynningu frá stjórnsýslu á stærri málum tengdum hverfunum eftir þörfum til að geta komið réttum upplýsingum á framfæri við íbúa hverfisins.

**e. Áhrif á fjárfestinga-, viðhalds- og öryggisáætlanir svæðisins sem og skipulags- og samgöngumál**

Árlegir samráðsfundir verði haldnir með íbúaráðum og embættismönnum borgarinnar snemma í ferlinu þegar unnið er að fjárfestinga- og viðhaldsáætlun Reykjavíkurborgar í borgarhlutum. Einnig verði haft samráð við íbúaráð við undirbúning aðgerða vegna umferðaröryggis.

Forgangsröðun verkefna svæðisins verði kynnt og rædd á þeim fundum þar sem íbúaráð geta komið áherslum svæðisins á framfæri. Stuðlað verði að kynningu meðal íbúa á forsendum þjónustuveitingar borgarinnar á viðkomandi svæði, svo sem við umhirðu borgarlands, vor- og vetrarþjónustu. Íbúaráð verði áfram umsagnaraðilar við aðal- og deiliskipulagsbreytingar svæðisins og íbúaráðum verði gert kleift að skila sínum ábendingum tímanlega við undirbúning umferðaröryggisáætlana.

Umhverfis- og skipulagssvið og eignaskrifstofa Fjármála- og áhættustýringarsviðs vinni að því að aðlaga gögn og kynningar um áætlanir þannig að þau séu auðlesnari fyrir einstök íbúaráð með því markmiði að miðla sundurliðuðum upplýsingum um hvað standi til í hverju hverfi fyrir sig.

Umhverfis- og skipulagssvið vinni almennt áfram að auknu aðgengi að skipulagsmálum með aðgengilegri gögnum og útskýringum. Skipulagsgögn eru flókin í eðli sínu og því er mikilvægt að þeim fylgi sem bestar útskýringar svo hinn almenni íbúi skilji.

Í kjölfar samþykktar fjárfestinga-, viðhalds- og öryggisáætlana fái íbúaráðin svör við sínum ábendingum frá fjármála- og áhættustýringarsviði með upplýsingum um hvaða verkefni sem þau hafi ávarpað í athugasemdum hafi ratað inn í umræddar áætlanir.

#### **f. Áhrif á menningar- og velferðarmál svæðisins**

Íbúaráðin virki sem ráðgjafaráð fyrir menningar- og félagshús svæðisins, svo sem bókasöfn og félagsmiðstöðvar, til að taka þátt í að þróa þessi hús áfram á þann hátt sem nýtist íbúum sem best.

### **5. Utanumhald um íbúaráð - Starfsmenn og tengiliðir íbúaráða**

#### **a. Miðlægur starfsmaður „inn í kerfið“**

Íbúaráðin eru vistuð á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Með því er hægt að tryggja samræmingu á milli starfsemi og virkni íbúaráðanna, eftirfylgni við ákvarðanir ráðanna innan stjórnarsýslunnar auk þess sem hægt er að tryggja þekkingu á starfi íbúaráða innan stjórnarsýslu borgarinnar. Starfsmaður íbúaráða sér um samskipti við ráð og svið borgarinnar og greiðir leið erinda íbúaráða í stjórnarsýslunni og tryggir að endurgjöf berist innan eðlilegs tímaramma. Starfsmaður íbúaráða sér um ritun fundargerða, fylgir eftir ákvarðanatöku ráðanna og utanumhald um starf ráðanna.

#### **b. Tengiliðir „út í hverfið“**

Gert er ráð fyrir að verkefnastjóri félagsauðs þjónustumiðstöðvar sé tengiliður þjónustumiðstöðvar og viðkomandi svæðis við íbúaráð og sitji að jafnaði fundi viðkomandi íbúaráðs. Hann tryggi að upplýsingar um einstök verkefni í hverfum borgarinnar berist til íbúaráðs og stuðli að virku samstarfi íbúaráða við þjónustumiðstöðvar. Beri hann ábyrgð á eftirfarandi verkefnum, í samvinnu við formenn íbúaráða og miðlægan starfsmann íbúaráða:

- Hafi umsjón með samskiptum við fulltrúa grasrótarsamtaka í íbúaráðinu og þar á meðal öll samskipti vegna breytinga á skipunum í ráðið.
- Hafi umsjón með samskiptum við slembivalda fulltrúa.
- Hafi umsjón með samskiptum við bakhóp og bakhópsgerð auk þess að boða og halda fundi bakhópa með íbúaráðum.
- Fari með hlutverk tengiliðar við þjónustumiðstöðina og sitji fundi íbúaráða með *málfrelsi og tillögurétt*.
- Halda reglulega utan um fundi íbúaráða eftir nánara samkomulagi.

Skipulag þessarar verkaskiptingar verði unnin í samráði formanns hvers íbúaráðs, miðlægs starfsmanns íbúaráða og verkefnastjóra félagsauðs.

### **c. Tengiliðir sviðanna**

Öll svið borgarinnar skulu tilnefna tengilið við íbúaráð sem taki við ábendingum íbúaráðanna. Öll svið borgarinnar skulu tilnefna tengilið við íbúaráð sem taki við ábendingum íbúaráðanna. Árlega fundi íbúaráð með fulltrúum/tengiliðum sviða Reykjavíkurborgar. Með þeim hætti er hægt að auka aðkomu ráðanna að verkefnum hverfanna, bæta upplýsingaflæði og ræða áskoranir sem upp hafa komið í tengslum við verkefni Reykjavíkurborgar í hverfunum.

## **6. Fyrirkomulag opinna funda og aðgengi að gögnum**

Allir fundir íbúaráða eru að öllu jöfnu opnir íbúum. Ef einstakir dagskrárliðir krefjast þess að fundir séu lokaðir er þess sérstaklega getið í fundarboði.

Einnig er gert ráð fyrir að íbúar geti komið málum á dagskrá funda íbúaráða með því að senda slíkar beiðnir til íbúaráðanna.

Gera skal áfram ráð fyrir að fundir íbúaráða verði að jafnaði bæði stað- og fjarfundir og haldnir úti í hverfunum. Meginreglan er sú að ráðsfulltrúar sjálfir verði til staðar í staðfundi.

Þau gögn sem eru til umfjöllunar á íbúaráðsfundum skulu gerð aðgengileg almenningi fyrir fundi og birt með fundargerðum eftir fundi.

## **7. Fræðsla til fulltrúa í íbúaráðum.**

Lagt er til að skipulögð verði ítarleg fræðsla fyrir fulltrúa í íbúaráðum Reykjavíkur til þess að tryggja þekkingu fulltrúanna á stjórnkerfi borgarinnar og boðleiðum innan þess. Sérstaklega skal fræðslan sniðin að þörfum þeirra fulltrúa sem ekki þegar hafa hlotið fræðslu kjörinna fulltrúa. Tryggja þarf þekkingu á eftirtöldum verkefnum:

- Stefnumörkun Reykjavíkurborgar og samráð.
- Hvernig stjórnkerfið er uppbyggt, ábyrgð og umboð fagraða.
- Hvernig fjárhags- og fjárfestingaáætlanir eru unnar.
- Skipulagsmál, ferlar og lög þeim tengdum.
- Viðhaldsframkvæmdir.
- Starfsemi þjónustumiðstöðva.
- Starfsemi leik- og grunnskóla auk frístundamiðstöðva.
- Eftir atvikum önnur þau málefni sem snúa að hverfum borgarinnar.

Auk þeirrar fræðslu sem kveðið er á um hér að ofan verði fulltrúum íbúaráða kynntar þær leiðir sem þeir hafa til að afla sér sjálfir upplýsinga um starfsemi borgarinnar, sér í lagi hvað varðar starfsemi umhverfis- og skipulagssviðs eins og með Borgarvefsjá og það sem kemur fram á skipulag.reykjavik.is.

## **8. Úthlutun úr hverfissjóðum**

Íbúaráð sjá um að útdeila fjármunum úr hverfissjóði fyrir sitt svæði í samræmi við reglur sjóðsins.

Íbúasamtök sem notist við lýðræðisleg vinnubrögð og skila íbúaráði yfirliti árlega um störf sín eiga rétt á árlegum rekstrarstyrk í samræmi við reglur um hverfissjóð. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa heldur utan um eftirfylgni og skil á lokaskýrslum vegna styrktra verkefna úr hverfissjóði. Íbúaráð hafi aðkomu að úthlutun Forvarnarsjóðs Reykjavíkurborgar í samræmi við samþykktir þeirra.

## **9. Verklagsreglur íbúaráða**

Verklagsreglur íbúaráða og vinnureglur umhverfis- og skipulagsviðs séu reglulega uppfærðar og lagðar fram til kynningar í íbúaráðum og viðeigandi fagráði. Þær tryggi skipulögð og samræmd vinnubrögð í meðferð mála í samræmi við ákvæði samþykktar fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

## **Tillaga um fjarfundarbúnað og fjarfundarfyrirkomulag**

Skóðað verði hvort unnt er að nýta fjarfundarfyrirkomulag þannig að gestir fundarins geti einnig tekið fullan þátt í fjarfundinum, ekki bara með athugasemdum við streymi. Útvega skal vandaðan færanlegan fjarfundarbúnað fyrir fundi íbúaráðanna í samráði við þjónustu- og nýsköpunarsvið til að tryggja gott hljóð og mynd og aðgengi að íbúaráðsfundum. Að auki annist þjónustu- og nýsköpunarsvið innleiðingu á notkun búnaðar og ráðgjöf þangað til ásættanlegu verklagi hefur verið komið upp.

## **Tillaga um yfirferð yfir launakjör samráðsnefnda**

Samhliða innleiðingu breytinganna er lagt til að forsætisnefnd skoði leiðir til að gera breytingar á ákvæðum samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg þannig að launakjör samráðsnefnda verði samræmd, þ.e. íbúaráða, öldungaráðs, aðgengis- og samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks, fjölmenningsráðs og ofbeldisvarnarnefndar.

## **Tillaga um bættu upplýsingagjöf**

Í því skyni að bæta upplýsingagjöf um störf íbúaráða skal hefja kynningarátak til að auka sýnileika íbúaráða gagnvart borgarbúum. Einnig skal kynna tilgang og umgjörð ráðanna og hvernig íbúar geti komi á framfæri erindum við ráðin og stefnt að markvissara utanumhaldi um upplýsingagjöf. Hugað verði að því að miðla upplýsingunum á fleiri tungumálum en íslensku. Samræma skal hvernig fundir íbúaráða verði auglýstir bæði á Reykjavík.is og á samfélagsmiðlum og þetta skýrt nánar í verklagsreglum.

## **Tillaga um upptökur af kynningum**

Til að auka skilvirkni og tryggja aðgengi að upplýsingum en jafnframt koma til móts við álag á starfsfólk er lagt til að skoðaðar verði leiðir innan marka laganna til að fjölga upptökum af kynningum umhverfis- og skipulagssviðs og eftir atvikum öðrum sviðum borgarinnar sem fara fyrir fagrað, annað hvort á meðan kynningum stendur, fyrir eða eftir. Þær upptökur yrðu aðgengilegar íbúaráðsfulltrúum og almenningi og myndu þannig minnka þörf á heimsóknnum starfsfólks í íbúaráð þegar um er að ræða raðkynningar. Íbúaráðin hafa mikinn áhuga á málefnum sem tengjast nærþjónustu við íbúa, sér í lagi er tengist umhverfis- og skipulagssviði, og því er lögð sérstök áhersla á þær kynningar.

## **Tillaga um að núverandi íbúaráð verði starfandi út kjörtímabilið en að bætt verði nú þegar við grasrótarfylltrúum í íbúaráð Miðborgar og Hlíða**

Lagt er til að núverandi fulltrúar starfi innan íbúaráða út kjörtímabilið. Kosið verði í nýju íbúaráði á nýju kjörtímabili eftir sveitarstjórnarkosningar 2022. Breytt fyrirkomulag og verkefnaskipan taki nú þegar gildi. Fjölgun grasrótarfylltrúa í íbúaráði Miðborgar og Hlíða taki einnig þegar gildi.



# ERINDISBRÉF

## Stýrihóps um innleiðingu nýrra íbúaráða

### Ábyrgðarmaður:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

### Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópurinn heldur áfram störfum sínum meðfram tilraunaverkefni til ársloka 2020 um ný íbúaráð. Stýrihópurinn tryggir að innleiðing og störf nýrra íbúaráða verði með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í tillögum stýrihópsins.

### Helstu verkefni:

- Að innleiða breytingar og skera úr um möguleg álitafni sem upp koma um hvernig verkefnum og breytingum skal háttað.
- Að skýra boðleiðir og ferla vegna verkefna íbúaráða.
- Að kynna niðurstöður fyrir fagráðum borgarinnar.
- Að vera tengiliður við íbúaráð.
- Að skila mati á tilraunaverkefninu að því loknu.
- Að gera tillögu að næstu skrefum til framtíðar við lok tilraunaverkefnisins ári eftir að ráðin taka til starfa þar sem tekin er afstaða til samsetningar ráðanna, formannshlutverksins og annarra þátta er varða umgjörð ráðanna og hlutverk.

### Stýrihópin skipa:

Dóra Björt Guðjónsdóttir  
Þorkell Heiðarsson  
Geir Finnson í stað Gunnlaugs Braga Björnssonar  
Örn Þórðarson  
Daníel Örn Arnarsson

### Starfsmaður:

Elísabet Pétursdóttir, verkefnastjóri mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfsmenn Reykjavíkurborgar.

### Starfstímabil:

Niðurstöður stýrihópsins verða lagðar fyrir borgarráð haustið 2020.

Samþykkt í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar 10. október 2019.

## Kostnaðarmat vegna tillagna um íbúaráð 2022

### Tillaga um fjarfundarbúnað og fjarfundarfyrirkomulag

Skoðað verði hvort unnt er að nýta fjarfundarfyrirkomulag þannig að gestir fundarins geti einnig tekið fullan þátt í fjarfundinum, ekki bara með athugasemdum við streymi. Útvega skal vandaðan færanlegan fjarfundarbúnað fyrir fundi íbúaráðanna í samráði við þjónustu- og nýsköpunarsvið til að tryggja gott hljóð og mynd og aðgengi að íbúaráðsfundum. Að auki annist þjónustu- og nýsköpunarsvið innleiðingu á notkun búnaðar og ráðgjöf þangað til ásættanlegu verklagi hefur verið komið upp.

#### **Kostnaðarmat: Enginn kostnaðarauki.**

Eftir nánari skoðun á færanlegum fjarfundarbúnaði fæst ekki séð að til sé færanlegur og þægilegur fjarfundarbúnaður sem mætir tilgreindum þörfum. Því er niðurstaðan sú að tryggja frekar fasta staðsetningu á fundum íbúaráða í hverfum borgarinnar, þar sem innviðir fyrir uppsetningu fjarfundarbúnaðar er til staðar í opinberum rýmum s.s. menningarhús, þjónustumiðstöðvum. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa skoði staðsetningar í samráði við formenn íbúaráða og þjónustu- og nýsköpunarsvið og verði verkefnið fléttað inn í yfirstandandi innleiðingu og uppsetningu þjónustu- og nýsköpunarsviðs á nýjum fjarfundarbúnaði og bætt við eftir þörfum. Staðsetningar verði hugsaðar út frá góðu aðgengi almennings þar sem íbúar upplifa að þeir séu velkomnir.

### Tillaga um bættu upplýsingagjöf

Í því skyni að bæta upplýsingagjöf um störf íbúaráða skal hefja kynningarátak til að auka sýnileika íbúaráða gagnvart borgarbúum. Einnig skal kynna tilgang og umgjörð ráðanna og hvernig íbúar geti komi á framfæri erindum við ráðin og stefnt að markvissara utanumhaldi um upplýsingagjöf. Hugað verði að því að miðla upplýsingunum á fleiri tungumálum en íslensku. Samræma skal hvernig fundir íbúaráða verði auglýstir bæði á Reykjavík.is og á samfélagsmiðlum og þetta skýrt nánar í verklagsreglum.

#### **Kostnaðarmat: kr. 3.981.750.00,-**

Miðað við gerð kynningarmyndbands um íbúaráð sem hægt verði að dreifa á samfélagsmiðla. Séráherslur hvers hverfis verði síðan bætt sérstaklega inn. Hönnun á útliti fyrir auglýsingar, borða, dreifibréf og veggspjöld og prentun. Auglýsingar í hverfisblöð

Gert er ráð fyrir að átakið standi yfir frá hausti 2022 til vors 2023.

## Kostnaðarmat vegna tillagna um íbúaráð 2022

Sundurliðun á kostnaðarþáttum tillögu um bættu upplýsingagjöf:

Kostnaðarþættir	Grunnverð	Fjöldi	Samtals
Kynning fyrir íbúa um íbúaráð/myndband	350.000 + vsk	1	425.750
Séráherslur hverfa/viðtöl við íbúa	100.000 + vsk	9	1.240.500
Hönnun útlits. Auglýsingar-borðar-bannerar- veggspjöld	600.000 +vsk	1	750.000
Prentun og dreifingakostnaður veggspjalda	100.000 + vsk		125.000
Hverfisblöð	25.000 +vsk	36	940.500
Samfélagsmiðlar	400.000 + vsk		500.000

3.981.750

### **Tillaga um að núverandi íbúaráð verði starfandi út kjörtímabilið en að bætt verði nú þegar við grasrótarfylltrúum í íbúaráð Miðborgar og Hlíða**

Lagt er til að núverandi fulltrúar starfi innan íbúaráða út kjörtímabilið. Kosið verði í ný íbúaráð á nýju kjörtímabili eftir sveitarstjórnarkosningar 2022. Breytt fyrirkomulag og verkefnaskipan taki nú þegar gildi. Fjölgun grasrótarfylltrúa í íbúaráði Miðborgar og Hlíða taki einnig þegar gildi.

**Kostnaðarmat: kr. 1.800.000 miðað við 12 mánaða tímabil.**

Hver fulltrúi í íbúaráði fær 75 þúsund á mánuði í laun með launatengdum gjöldum. Kostnaður vegna tveggja fulltrúa á 12 mánaða tímabili eru kr. 1.800.000